

# FRÉTTABRÉF 2016

## Ávarp formanns

Kæru Góðvinir

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 og hefur verið í stöðugri uppbyggingu og þróun allan þann tíma sem hann hefur starfað. Enginn annar háskóli á landinu hefur vaxið eins hratt og háskólinn okkar.

Á næsta ári verður haldið upp á 30 ára afmæli skólans og það er við hæfi að blása til veislu. Boðið verður upp á glæsilega hátíðardagskrá sem hefur það að leiðarljósi að opna skólann fyrir íbúum á svæðinu. Góðvinir ætla að nýta sér tækifærið og efla starf sitt með ýmsum hætti. Nú á tímum knappa fjármuna háskóla landsins er enn mikilvægara að eiga öfluga Góðvini sem eru tilbúnir til að rísa upp á afturfætturna sé vegið að skólanum. Þess vegna ætlum við að standa þéttar saman og við vonumst til að fá ykkur í lið með okkur.

Með virðingu og vinsemd,

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, formaður Góðvina HA



## Fréttir af Góðvinum

Eins og áður styrktu Góðvinir starfsemi háskólans eftir því sem umsóknir og beiðnir bárust. Til að mynda styrktu þeir kaup á endurhlaðanlegum batteríum í allar stofur, í þeim tilgangi að auka gæði kennslu og minnka notkun battería. Vísindaskóli unga fólksins fékk þar að auki starfsstyrk ásamt því að bókasafn skólans var styrkt vegna kaupa á tækjabúnaði. Í stjórn Góðvina árið 2016 störfuðu Hafdís

Erna Ásbjarnardóttir (formaður), Eyrún Elva Marinósdóttir (varaformaður), Njáll Trausti Friðbertsson (meðstjórnandi), Agnes Eyfjörð (gjaldkeri og fulltrúi HA) og Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir (fulltrúi FSHA).

Á árinu lét Kristín Ágústsdóttir af störfum sem forstöðumaður markaðs- og kynningarviðs HA og starfsmaður Góðvina. Stjórn Góðvina vill koma á

framfæri sérstökum þökkum til Kristínar fyrir gott og ötult starf fyrir Góðvini á síðustu árum. Um leið bjóðum við arftaka hennar, Katrínu Árnadóttur, velkomna til starfa við HA og sem starfsmann Góðvina.

## Framundan hjá Góðvinum

**Aðalfundur Góðvina verður haldinn fimmtudaginn 1. september, kl. 16.00** í stofu N203, Sólborg. Boðskort verða send út í tíma til þeirra sem hafa greitt félagsgjöld og boðið verður um skráningu á fundinn. Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Á dagskrá eru hefðbundin aðal-fundarstörf auk móttöku í lok fundar þar sem Góðvinir fá tækifæri til þess að kynna sér nýja stefnu Góðvina, en hún gengur út á að standa enn betur vörð um hagsmuni skólans.

Galakvöld Góðvina verður haldið í fyrsta sinn í tilefni af 30 ára afmæli skólans á næsta ári. Til máls taka Góðvinir úr ýmsum áttum og fjalla um tengingu sína við HA, frama og framtíðarsýn. Glæsilegar kræsingar verða í boði ásamt tónlist. Félagar eru hvattir til að fjölmenna og efla þannig tengslin við fyrirverandi samnemendur.



## Fréttir úr HA veturinn 2015/2016

### Brautskráning HA 2016

Þann 11. júní sl. fór fram brautskráning 371 kandiðats á Háskólahátíð Háskólans á Akureyri. Athöfnin fór fram í glæsilegum hátíðarsal skólans í þriðja sinn. Herra Stewart Wheeler, sendiherra Kanada á Íslandi, var heiðursgestur á brautskráningunni og gaf kandiðötum heilræði

í veganesti. Birgir Marteinson, kandiðat í lögfræði ML, flutti ávarp fyrir hönd útskriftar-nema og Kristjana Hákonardóttir og Rúnar Gunnarsson leiddu gesti í gegnum athöfnina. Í annað sinn var sjónvarpað beint frá henni á sjónvarpsstöðinni N4.



## Heiðursverðlaun Góðvina

Á brautskráningu Háskólans á Akureyri nú í sumar veittu Góðvinir þremur kandildötum viðurkenningu fyrir ötult starf í þágu skólans. Nemendurnir – sem unnu meðal annars í nefndum og við kynningarstörf – fengu að launum gullnælur úr smiðju Kristínar Petru Guðmundsdóttur og er nælan vísan í Íslandsklukkuna sem trónir yfir háskólasvæðinu.

Viðurkenningarnar hlutu:

**Sóldís Guðbjörg Ólafsdóttir**  
(hug- og félagsvísindasvið)

**Hulda Sædis Bryngeirsdóttir**  
(heilbrigðisvísindasvið)

**Katla Hrund Björnsdóttir**  
(viðskipta- og raunvísindasvið)



## 1203 umsóknir

1203 sóttu um skólavist við Háskólann á Akureyri á haustmisseri 2016. Alls bárust 935 umsóknir í grunnám og 268 í framhaldsnám. Eins og undanfarin ár bárust flestar umsóknir um nám í hjúkrunarfræði, alls 230. Næst flestir hyggja á nám í viðskiptafræði, samtals 199 manns. Mest fjölgun er í námi í kennarafræðum og í lögfræði. Enn hallar verulega á karlmenn í skólanum en farið verður í aðgerðir til að jafna hlutföllin á næsta ári.

## Vísindaskóli unga fólksins

Vísindaskólinn var starfræktur í annað sinn næst síðustu vikuna í júní. 85 börn á aldrinum 11–13 ára kynntust málum sem tengjast réttindum barna, heilsu, tækni, fjölmiðlum og umhverfisfræðum. Sigrún Stefánsdóttir, skólustjóri Vísindaskólans, segir að tilgangurinn með honum sé tvíþættur. Annars vegar er honum ætlað að auka framboð á uppbyggilegum tækifærum fyrir börn þegar formlegu skólastarfi lýkur að vori og hins vegar er ætlunin að kynna skólann fyrir ungmennum á svæðinu og færa hann nær norðlenskum heimilum.

## Árlegir viðburðir

HA-dagurinn var haldinn með hefðbundnu sniði í nóvember til að kynna nám við HA fyrir nemendum framhaldsskólanna á Norðurlandi. Einnig tók HA þátt í Háskóladeginum í Reykjavík þar sem allir háskólar landsins keppa um hylli útskriftarnemenda úr framhaldsskólunum. Fullveldishátíðin fór fram ásamt málstofu um íslensku stjómarskrána og fjölmargar aðrar málstofur svo og ráðstefnur áttu sér stað allt árið.

## HA sér um Sjávarútvegsskólann

Með samningi sem var undirritaður á ráðstefnunni Sjávarútvegur á Norðurlandi tók HA við umsjón með starfi Sjávarútvegsskólans, en hann er ætlaður ungmennum sem nýlókum hafa 9. bekk. Markmið Sjávarútvegsskólans er að miðla þekkingu í sjávarútvegi til nemenda í sjávarbyggðum og á nærliggjandi svæðum. Kennt var á sex stöðum á Austurlandi og von er á að fleiri staðir bætist við að ári.

## Nýir sviðsstjórar

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir er nýr sviðsforseti heilbrigðisvísindasviðs. Hún tók við af Árónu Kristínu Sigurðardóttur á vormánuðum 2016. Rannveig Björnsdóttir hefur gengt starfi sviðsforseta á viðskipta- og raunvísindasviði í fjarveru Ögmundar Knúttssonar en staðan hefur verið auglýst til umsóknar. Einnig er ráðningaferli í gangi um starf sviðsforseta hug- og félagsvísindadeildar enda mun Sigrún Stefánsdóttir láta af störfum í sumarlok.

## Fjárskortur HA

Rektorar allra háskóla landsins, þar með talinn Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, hafa lýst yfir áhyggjum vegna fyrirsjáanlegs fjárskorts háskóla landsins. Vegið er að starfsgrundvelli HA, eins og fram kom í ávarpi rektors á Háskólahátíð í sumar: „Námsframboð skólans í heild sinni er í hættu ef ekki fæst fjármagn til að tryggja núverandi rekstur skólans til lengri tíma.“

## Vefsíða Góðvina

Á vefsíðu Góðvina er hægt að skrá sig í félagið og skoða fréttir frá starfsemi og myndir frá viðburðum. Góðvinir hvetja alla brautskráða nemendur, starfsfólk og aðra þá sem vilja styðja við bakið á Háskólanum á Akureyri að skrá sig í félagið.

Einnig er hægt að finna Góðvini HA á Facebook.



## Greiðsluseðlar

Greiðsluseðlar verða sendir út í ágúst 2016 en upphæð verður ákveðin á aðalfundi. Þeir sem fá greiðsluseðil eru fullgildir meðlimir félagsins, nýbrautskráðir kandídatar, þeir sem brautskráðust fyrir tveimur, fimm, tíu, fimmtán og tuttugu árum ásamt starfsmönnum háskólans. Krafa birtist í heimabanka og fellur sjálfkrafa niður um áramót. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið segja sig þannig úr félaginu.

Aðrir áhugasamir um að gerast Góðvinir er bent á að skrá sig með þar til ætluðu skráningareyðublaði á heimasíðu Góðvina á [www.unak.is](http://www.unak.is).

Greiðendur og þar með fullgildir meðlimir félagsins fá boðsbref á Galakvöld sem haldið verður á afmælisárinu.

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður Góðvina, **Katrín Árnadóttir** ([katrinarna@unak.is](mailto:katrinarna@unak.is))

Bakhjarlar



GEIMSTOFAN  
AUGLÝSINGASTOFA / SKILTAGERÐ